

28. nóvember 2018

## Frásögn af ellefta fundi starfshóps um samræmd könnunarpróf

**Fundinn sátu: Brynhildur Sigurðardóttir, Eðvald Einar Stefánsson, Helgi Arnarsson, Hjördís Albertsdóttir, Svanhildur K. Sverrisdóttir, Sverrir Óskarsson og Þórður Kristjánsson.**

**Fundurinn fór fram hjá MMS.**

Farið yfir fundarfrásögn frá 21. nóvember. Engar athugasemdir frá fundarmönnum. Meðal þess helsta sem fram kom á fundinum:

- Lesferill – kynning: Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir, sérfræðingur hjá Menntamálastofnun, kynnti Lesferil. Hún byrjaði á að sýna okkur nýtt myndband sem kynnir Lesferil. Verið er að setja margs konar skimanir/próf í rafrænt form. Skólagátt er opin öllum og er farið inn á hana með Íslykli. Almennt er mjög góð þátttaka í lesfimiþrófunum en hún dalar þó aðeins elstu árgöngunum. Vangaveltur eru um hvaða nemendur það eru sem taka ekki þátt í 10. bekk.
- Verið er að staðla réttitunarpróf fyrir 3.–10. bekk. Umræða skapaðist um tölvufærni og fingrasetningu en á það reynir í rafrænu réttitunarprófi. Hafdís kynnti hugmyndir sem verið er að vinna með í tengslum við ritun. Sú vinna er komin vel áleiðis en hún hefur samt efasemdir um staðlað ritunarpróf.
- -----
- Bent var á kafla 22 í fjárlagafrumvarpi og áætlunum fyrir árið 2019. Þar er vikið að þróun skimunartækja fyrir stærðfræði og náttúruvísindi.
- Tim Oates hjá Cambridge Assessment er væntanlegur til landsins og er okkur boðið að sitja fund með honum föstudaginn 7. desember kl. 10:00–11:30.
- MMS hefur óskað eftir samstarfi við HÍ um samræmd próf. Þegar skoðuð eru samræmd próf í öðrum löndum sjáum við að háskólarnir koma víða að gerð þeirra.
- Rætt hefur verið við MRN um áhuga starfshópsins og fleiri aðila um að halda fundi úti á landi. Beðið er eftir viðbrögðum við beiðni um pening til að standa straum af a.m.k. tveimur slíkum fundum.
- Áfangaskýrslan – umfjöllun, Rætt var um innihald skýrslunnar. Skýrslan sjálf telur 13 bls. en viðaukinn er 31 bls. Drögin verða send til starfshópsins til yfirlstrar áður en þeim verður skilað í ráðuneytið.
- Meira um gögn í Dropboxi – lesefni og fleira: Rætt um að halda annan fund þar sem við einblínum á lesefnið í Dropboxinu.
- Niðurstöður mats á samráðsfundi. dinum. Samantekt verður birt í áfangaskýrslu.
- Rætt var um einstök verkefni stjórnarmanna sem felast m.a. í gagnaöflun og skipulagi á samráðsfundum með annars vegar nemendum og hins vegar sveitarstjórnarfólki.
- Næsti fundur verður föstudaginn 7. desember kl. 10–12. Fundurinn 5. desember fellur því niður.
- Ekki er gert ráð fyrir fundum milli jóla og nýárs og ekki verður haldinn fundur 2. janúar 2019.

HA 2018